

Mál nr. 329/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

**Skaðabótaábyrgð. Verslun/þjónusta.**

Gögn.

- Málskot móttakið 4. september 2024, ásamt fylgiskjöllum.
- Bréf V, dags. 13. september 2024, ásamt tjónstilkynningu.

**Málsatvik.**

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að hinn 29. maí 2024, hafi M slasast er hún féll á lóð X þar sem matvöruverslun er staðsett. Í tjónstilkynningu, dags. 21. júní 2024, lýsir M slysinu með þeim hætti að innkaupakerra festist í holu eða misfelli í malbiki og við það hafi M fallið harkalega á malbikið. Vegna slyssins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað. M telur að bótaskylda X sé fyrir hendi. Hún telur óásættanlegt hvernig viðhaldi á bifreiðastæði við inngang verslunar X er sinnt. Gera verði ríkar kröfur til verslana af þessu tagi að tryggja að ekki sé hættu fyrir fólk að komast inn og út úr versluninni. Á malbiki við innganginn séu holur og misfellur sem séu til þess fallnar að fólk hrasir um þær, sérstaklega þegar það keyrir innkaupakerrur og sér ekki nákvæmlega beint fyrir framan sig. Þetta á sérstaklega við þegar viðkomandi er með einhverja annmarka eins og sjóndepru, fötlun o.s.frv. M telur að viðhaldi bifreiðastæðis hafi verið verulega ábótavant.

Af hálfu V hefur greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X verið hafnað, þar sem V telur að M hafi ekki náð að sýna fram á að tjón hennar megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar vanrækslu X, þ.e. að viðeigandi ráðstafanir hafi ekki verið gerðar vegna misfelli í malbiki á bifreiðastæði. V vísar til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafði verslunin engar upplýsingar um hvar slysið átti sér stað aðrar en að það varð á bifreiðastæði fyrir utan verslunina. X hafi farið að leita að holunni en ekki fundið hana. Þá kannist X ekki við að önnur slys hafi orðið á bifreiðastæðinu vegna holu í malbiki.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Af fyrirliggjandi gögnum málsins virtum, og þá sérstaklega ljósmyndum af bifreiðastæðinu sem M hefur lagt fram, verður ekki ráðið að þar sé til staðar hola eða misfella í malbiki sem hafi verið sérstaklega hættuleg, þannig að telja verði að starfsmenn X hafi þurft að grípa til sérstakra ráðstafana vegna hennar. Með vísan til framangreinds er það afstaða nefndarinnar að um óhappatilvik hafi verið að ræða, sem ekki verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. desember 2024.  
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir